

Nd.

122. Frumvarp

til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til að styðja að útflutningi á nýjum fiski.

Flutningsm.: Haraldur Guðmundsson.

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að kaupa eða leigja skip til þess að koma á og halda uppi reglubundnum hraðferðum til útlanda með kældan eða isvarinn fisk frá þeim stöðum á landinu, þar sem sjómenn og útvegsmenn hafa með sér félagsskap með samvinnusniði um útflutning og sölu á slíkum fiski.

2. gr.

Fé það, sem þarf til skipakaupa og nauðsynlegra framkvæmda samkv. 1. gr., er ríkisstjórninni heimilt að taka að láni.

3. gr.

Ríkisstjórnin skal setja upp söluskrifstofu og ráða mann eða menn til að sjá um móttöku og sölu fiskjarins og greiðslu á andvirði hans, meðan fiskútflutningsfélög samkv. 1. gr. eigi hafa gert með sér sölusamband um land allt.

4. gr.

Skipaútgærd ríkisins skal sjá um útgerð skipanna og hafa framkvæmdarstjórn þeirra á hendi. Hún aflar sér skýrslna frá fiskútflutningsfélögunum um stærð og fjölda fiskiskipa og báta félagsmanna, áætllar með þeim i samráði við söluskrifstofuna, hversu mikils fiskmagns megi vænta frá hverjum stað á hverjum tíma, og semur við þau um alla tilhögun flutninganna og annað það, er þurfa þykir, til þess að þeir geti orðið sem ódýrastir og gengið sem greiðlegast.

5. gr.

Kostnaði við útflutning og sölu skal jafnað niður eftir fiskmagni og verði og reikningsskil gerð fyrir hverjum skipsfarmi sérstaklega að lokinni sölu. Skal þá fiskeigendum greitt andvirðið að frádrögnum öllum kostnaði og 2% af söluverðinu, sem leggjast skal í sjóð til þess að mæta halla, er verða kann á flutningum þessum.

6. gr.

Reisi fiskútflutningsfélög samkv. 1. gr. kælihús á viðkomustöðum skipanna til þess að geyma þar kældan eða ísvarinn fisk til útflutnings, enda sé skortur á slíku húsi á staðnum, skulu þau ganga fyrir öðrum um stofnlán úr Fiskveiðasjóði Íslands. Ennfremur er ríkisstjórninni heimilt að ganga í ábyrgð fyrir lánunum, er nemi allt að 50% af stofnkostnaði húsa þessara, enda séu lánin tryggð með 2. veðrétti næst á eftir veði Fiskveiðasjóðsins, þannig, að veðlán þessi samtals nemi eigi meiru en 90% af stofnkostnaðinum.

7. gr.

Lög þessi skal endurskoða á Alþingi 1932.

8. gr.

Lög þessi öðlast gildi nú þegar.

Greinargerð.

Saltfiskverð er nú svo lágt, að til fullrar tvisýnu horfir um afkomu fiskveiða og sjávarútvegs, ef eigi er undinn að því bráður bugur, að koma útgerðinni í hagfelldara og skipulegra horf og gera aflann verðmeiri en nú er. Fullverkaður stórfiskur hefir verið seldur fyrir 70—75 kr. pr. skpd., og jafnvel enn lægra. Um síðustu áramót voru óseldar fiskbirgðir nærfellt 130 þús. skpd. Er það um 150% meira en um næstu áramót á undan, og nærri þrefalt meira en í ársbyrjun 1929. Það er því ljóst, að fullt óvit væri að ætla lengur að byggja afkomuvonir fiskveiðanna eingöngu á saltfiskmarkaðinum, Spánarmarkaðinum, sem svo dýru verði var keyptur, er bannlagaundanþágan var veitt.

Margt fleira en síðasta verðfallið á saltfiskinum benti ótvírætt til þess, að oss sé það hin brýnasta nauðsyn að leita nú þegar nýrra leiða til að koma aflanum í sæmilegt verð. Saltfiskmarkaðurinn hefir ekki vikkað í hlutfalli við aukningu framleiðslunnar hin síðari ár, þrátt fyrir „markaðsleit“ hins opinbera og nokkrar tilraunir einstakra manna og félaga. Hann er bundinn við tiltölulega fá lönd og fjarlæg, og margir ætla, að eftirspurn eftir saltfiski muni heldur minnka en aukast eftir því sem tímar liða. Eftir því, sem aðferðum og áhöldum til að varðveita og flytja fiskinn óskemmdan fleygir fram og samgöngur allar verða örari, eykst neyzla nýs fiskjar stórkostlega, og er mjög að vonum, að það dragi úr saltfisksölu.

Reynslan hefir líka sýnt, að sá fiskur er jafnan verðmeiri, sem seldur er neytendum nýr eða ísvarinn, en hinn, sem er saltaður. Meðalverð fyrir hvert

kg. af fiskafli Englendinga hefir t. d. undanfarið verið liðlega þrefalt hærra en meðalverð pr. kg. af íslenskum afla, og meðalverðið í ýmsum löndum Mið-Evrópu er margfalt hærra. Séu athugaðar yfirlitsskýrslur um meðalverð á fiskafli Norðurálfþjóðanna, sést, að við Íslendingar erum þar neðstir á blaði, þótt við hinsvegar skörum fram úr þeim öllum hvað aflabrogð snertir. En afkoma sjávarútvegsins verður jafnan harla óviss, meðan svo að segja eingöngu er lagt kapp á það að rífa upp sem mestan afla, — stundum fyrirhyggjulítið og án tillits til kostnaðar, taps á skipum, veiðarfærum og jafnvel mannlífum, — en minni eða lítil áherzla lögð á hitt, að gera aflann að fjölbreyttri og verðmætri vöru, sem á vísa kaupendur sem allra viðast.

Einhæfnin í meðferð og verkun fiskjarins er nú að koma okkur í koll. Um leið og saltfiskmarkaðurinn bregzt, er allt í voða. Hingað til hefir allt kapp verið lagt á það, að koma fiskinum í salt, í von um sölu á þröngum — og óvissum — markaði, að undanteknu því, sem togararnir nokkurn tíma árs hafa flutt af afla sínum í is til Englands og selt þar. En ekki er þó meira kapp lagt á þennan útflutning nú en svo, að eigendur þeirra kjósa nú flestir heldur að láta skipin liggja bundin við garða en að láta þau stunda ísfiskveiðar, og það þrátt fyrir mikinn afla og óvenjulega gott ísfiskverð síðustu mánuðina. Hefði þó verið auðvelt fyrir togaraeigendur að kaupa bátafisk til viðbótar afla sínum, svo að þeir gætu jafnan komið til Englands með fárra daga gamlan fisk.

Í vetur hafa þó nokkrar tilraunir verið gerðar með útflutning á ísvörðum bátafiski til Englands. Hafa þær yfirleitt lánast vel og benda ótvírætt til þess, að sjálfsagt sé að halda þeim áfram og skipuleggja betur en verið hefir. Kostnaður við það að leigja misjafnlega hentug skip fyrir eina og eina ferð frá einum einasta stað hlýtur jafnan að verða gífurlegur. Er því óhjákvæmilegt að koma skipulagi á flutninga þessa, ef full raun á að fást og góður árangur að nást.

Í frv. þessu er lagt til, að ríkisstjórnin hafi á hendi framkvæmdir bæði um það, að koma flutningum í skipulegt horf og sjá um sölu og móttöku fiskisins meðan félög útflytjendanna eigi hafa myndað með sér svo öflugt samband, að það geti tekið þetta að sér. Er gert ráð fyrir, að fyrst og fremst sé reynt að hjálpa hinum smærri útvegsmönnum og fiskimönnum, og að þeir myndi með sér samvinnufélagsskap í því skyni að geta notfært sér flutninga þessa. Togaraeigendur og linuveiðagufuskipa ráða yfir haffærum skipum og nægu fiskmagni til þess að gera tilraunir þessar sjálfir, en smáútvegsmönnum og fiskimönnum er það með öllu ókleift. Bátafiskur, þar sem aflinn er fjölbreyttur, ísa, steinbítur, koli o. s. frv., er og einkar hentugur til útflutnings í is. Væri það hinn mesti búhnykkur, ef unnt væri með þessu móti að fá gott verð fyrir „ruslfiskinn“, sem jafnan er næsta verðlitið upp úr salti.

Til þess að unnt sé að koma flutningum þessum í sæmilegt horf, verða að vera til á viðkomustöðunum kælihús, sem hægt er að geyma fiskinn í. Þegar litið er til þess, livern stuðning hið opinbera hefir veitt bændum til þess að koma kjötinu frystu til útlanda, bæði með framlagi til kæliksipsins og ábyrgð fyrir lánnum til frystihúsa, verður eigi annað sagt en að sjálfsagt sé, að ríkissjóður

veiti fyllsta stuðning, er hann megnar, til þess að heina fiskverzluninni inn á svipaðar brautir, þar sem hér er um margfalt meira verðmæti að ræða.

Svo var látið heita, að bannlagaundanþágan væri veitt til þess að tryggja Spánarmarkaðinn og þar með afkomu sjávarútvegsins, en alls eigi í því skyni, að ríkissjóður gerði sér áfengið að fépúfu. Þá var jafnvel gert ráð fyrir, að áfengisgróðinn yrði notaður til þess að opna nýjar leiðir til þess að tryggja sjávararafurðunum markað annarsstaðar en á Spáni, til þess að brjóta af oss „ok Spánverja“ og skapa fiskveiðunum öruggari grundvöll. Tekjur ríkissjóðs af áfenginu námu síðastliðið ár um 2 millj. króna. En Spánarmarkaðurinn brást þrátt fyrir áfengiskaupin. Er því vissulega kominn tími til að efna þau fyrirheit, sem gefin voru, er undanþágan var veitt.

Skipafélög kvarta nú mjög undan flutningaleysi. Ætti því að vera auðvelt, ef ekki er ráðizt í það strax að kaupa skip til flutninganna, að fá hentug skip á leigu með góðum kjörum. Þótt ekki væru leigð nema 3 skip til að byrja með, væri að því nokkur bót, og mætti svo, ef sæmilega lánast, fjölga þeim, eftir því sem þörf krefur. Sjálfsagt væri og að gera tilraunir með að flytja út ísvarða sild nú í sumar.

Frumvarp þetta er frumsmíði og stendur sjálfsagt mjög til bóta. Reynslan sýnir án efa, að margt má annan veg betur fara en hér er gert ráð fyrir. Er því það ákvæði sett í frv., að lögin skuli endurskoðuð þegar á næsta þingi. Þá ætti nokkur reynsla að vera fengin, er byggja mætti á.

En ástandið er nú svo alvarlegt, að ekki verður hjá því komizt að hefjast handa, og það nú þegar.